

**Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]**  
um landkynningu og ferðamál.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason,  
Jóhann Hafstein.

1. gr.

Stofna skal Ferðamálaráð Íslands. Skal það skipað 7 mönnum; 2 eru kosnir af Alþingi, en 5 tilnefndir af eftirfarandi aðilum:

Eimskipafélag Íslands tilnefnir 1 mann.

Félag sérleyfishafa tilnefnir 1 mann.

Ferðafélag Íslands og Ferðamálaafélag Reykjavíkur tilnefna 1 mann.

Flugfélag Íslands og Loftleiðir tilnefna 1 mann.

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda tilnefnir 1 mann.

Ferðamálaráð skiptir sjálfst með sér verkum.

2. gr.

Nú verða aðilar, sem tilnefna eiga samkv. 1. gr. einn mann sameiginlega, eigi sammála um tilnefningu, og skulu þeir þá tilkynna ráðherra tillögu sína; skipar ráðherra annan hvorn þeirra manna, sem nefndir eru til.

3. gr.

Hlutverk Ferðamálaráðs Íslands skal vera það, sem hér segir:

1. Ferðamálaráð hefur umsjón og eftirlit með öllu því, er lýtur að ferðamálum í landinu, einkum að því er tekur til erlendra ferðamanna, sem heimsækja

vilja landið og ferðast um það. Skal það vera hlutverk ferðamálaráðs að bæta ástand þessara mála í hvívetna, eftir því sem unnt er á hverjum tíma.

2. Ferðamálaráð hefur með höndum, í samráði við þau ráðuneyti, er hlut eiga að máli, kynningu lands og þjóðar á erlendum veitvangi á þann hátt, er ráðið telur vænlegast til þess að vekja athygli á landinu sem ferðamannalandi. Taka skal jafnan tillit til ástandsins í ferðamálum á hverjum tíma og möguleika landsmanna til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum á þann hátt, að sómi megi vera að.
3. Ferðamálaráð gerir áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála í landinu, svo sem um það, hvar ráðið telji einkum nauðsyn á að gistihúsakostur verði aukinn eða bættur, hver tegund gistihúsa skuli vera á hverjum stað og með hvaða hætti þeim verði komið upp.
4. Ferðamálaráð hefur eftirlit með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku erlendra ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag og gæði þjónustu og viðurgeringis, eftirlit með hreinlæti, umgengni og aðbúð ferðamanna á gisti- og veitingastöðum, og því, að fólk, sem annast móttöku erlendra ferðamanna, sé starfi sínu vaxið um menntun og framkomu. Skal þetta eftirlit ná jafnt til starfsfólks þeirra aðila, sem annast móttöku ferðamanna, og eigenda fyrirtækja þeirra, sem hlut eiga að máli.

Til þess að örva heilbrigða samkeppni í þessu efni, er ráðinu heimilt að veita viðurkenningarskjal gisti- og veitingastöðum svo og öðrum aðilum, sem annast móttöku ferðamanna og reka starfsemi sína þannig, að til fyrirmyndar má teljast. Ferðamálaráð getur og svipt aðila slíkri viðurkenningu, ef ráðið telur, að eigi sé lengur ástæða til hennar, um stundarsakir eða þangað til bætt hefur verið úr því, sem ábótavant hefur reynzt í starfseminni.

Ef ferðamálaráð verður þess áskynja, að einhverju sé ábótavant af því, sem að framan greinir, skal hlutaðeiganda bent á að bæta úr þeim misfellum. Séu ábendingar ferðamálaráðs eigi teknar til greina, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum ferðamálaráðs, að svipta eigendur að gisti- eða veitingastöðum, svo og ferðaskrifstofum, rétti til þess að reka þau um stundarsakir, þar til úr hefur verið bætt, eða að fullu.

5. Ferðamálaráð hefur eftirlit með bifreiðaakstri og bifreiðakosti, sem ætlaður er til aksturs erlendra ferðamanna.
6. Ferðamálaráð heldur námskeið fyrir túlka og veitir þeim starfsréttindi að loknu tilskildu prófi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Ferðamálaráð tekur við stjórn og rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins. Hún skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með fararækjum ríkisins og einkafyrirtækja fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélag launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem bestum notum.

Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

Um verkefni ferðaskrifstofunnar að öðru leyti og starfsemi hennar yfirleitt skal ákveðið nánar í reglugerð.

8. Ferðamálaráð skal vera til ráðuneytis Alþingi og ríkisstjórn um öll þau mál, sem að framan greinir, og bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur, sem ráðið telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

#### 4. gr.

Ferðamálaráð Íslands ræður sér framkvæmdastjóra með samþykki ráðherra til þess að hafa með höndum daglegan rekstur og framkvæmdir eftir ákvörðun ferðamálaráðs. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk, eftir því sem þörf krefur, með samþykki ferðamálaráðs. Launakjör framkvæmdastjóra skulu ákveðin af ferða-

málaráði með samþykki ráðherra, en launakjör annars starfsfólks skulu ákveðin af framkvæmdastjóra með samþykki ferðamálaráðs.

Kostnaður við störf ferðamálaráðs, þar með talinn skrifstofukostnaður og fé til landkynningar, skal greiddur úr ferðamálasjóði, sbr. 7. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal semja árlega skýrslu um störf ráðsins og framkvæmdir. Þá skal ráðið og semja árlega fjárhagsáætlun, og skal hún jafnan send ráðherra til athugunar og staðfestingar fyrir hver áramót.

#### 5. gr.

Hver sá, sem óskar að reka ferðaskrifstofu fyrir almenning, skal sækja um leyfi til ráðherra. Í umsókn sinni skal umsækjandi gera grein fyrir hæfni sinni til þess að reka slíka starfsemi, hverja reynslu hann hefur öðlzt í slíku starfi, tungumálakunnáttu og öðru því, er til greina kemur til þess að geta rekið ferðaskrifstofu fyrir innlenda og erlenda menn. Þá skal umsækjandi og gera grein fyrir húsnæði því, sem hann hefur til umráða til rekstrar ferðaskrifstofu. Skal ráðherra leita umsagnar ferðamálaráðs, áður en leyfi er veitt.

#### 6. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal beita sér fyrir því, að stofnuð verði sem víðast á landinu félag áhugamanna — ferðamálafélag, er vinni að því að bæta skilyrði til móttöku ferðamanna hvert í sínu umdæmi og verði jafnframt til aðstoðar og ráðuneytis ferðamálaráði um allt það, er við kemur ferðamálum í héraðinu eða umdæminu.

#### 7. gr.

Stofna skal ferðamálasjóð. Hlutverk hans er að veita lán til bygginga og endurbóta á gisti- og veitingastöðum, greiða kostnað við landkynningu og önnur útgjöld samkv. lögum þessum.

Ríkissjóður leggur til sjóðsins 500 þús. kr. á ári.

Ferðamálaráð beitir sér fyrir því að fá ýmsa aðila, er hagsmuni hafa af auknum ferðamannastraumi, til þess að greiða árlega frjáls framlög til sjóðsins.

Ferðamálaráð skal undirbúa aðrar fjáröflunarleiðir og leggja tillögur um þær fyrir Alþingi og ríkisstjórn fyrir árslok 1956.

#### 8. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirstjórn landkynningar og ferðamála. Hún setur reglugerð um framkvæmd þessara mála, að fengnum tillögum Ferðamálaráðs Íslands.

#### 9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og lög nr. 20 12. marz 1947, um breyting á þeim lögum.

#### 10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000--100000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Flestir munu nú telja rétt að reyna að gera Ísland að ferðamannalandi og örva straum erlendra ferðamanna hingað til lands.

Þeir fordómar, sem áður voru uppi gegn því að gera Ísland að ferðamannalandi, eru óðum að hverfa. Íslenzku þjóðerni og sjálfstæði á ekki að vera nein hættu búin, þótt hingað komi erlendir ferðamenn. Hins vegar geta Íslendingar eins og fjöldi annarra þjóða haft af því drjúgar gjaldeyristekjur og aukin viðskipti.

En til þess að svo megi verða, þarf margt til. Það þarf nýja skipan ferðamála og landkynningar. Það þarf aukinn gistihúsakost og bættan aðbúnað á mörgum sviðum. Tilgangur þessa frumvarps er að lögfesta heildarskipun þessara mála og koma þar á nýrri hreyfingu.

Aðalefni frumvarpsins er sem hér segir:

Lagt er til, að stofnað sé Ferðamálaráð Íslands, sem hafi með höndum stjórn landkynningar og ferðamála. Ferðamálaráðið skal skipað 7 mönnum; Alþingi kýs tvo þeirra, en hinir fimm skulu tilnefndir af ýmsum félögum og fyrirtækjum, sem hafa sérstakan áhuga á eða beina hagsmuni af auknum ferðamannastraumi, en það eru: Eimskipafélag Íslands, sem annast megnið af farþegaflutningi með skipum að landinu og frá því; félag sérleyfishafa, sem sér um flutning farþega með bifreiðum innanlands; flugfélögin íslenzku, sem flytja mikinn fjölda farþega loftleiðis að og frá landinu; Ferðafélag Íslands, sem unnið hefur rúman aldarfjórðung að því að örva ferðalög landsmanna og auka kynni þeirra af landinu; Ferðamálafélag Reykjavíkur, sem hefur það markmið að greiða í hvívetna fyrir auknum ferðamannastraumi; Samband veitinga- og gistihúsaeygenda, en gistihúsmálin eru einn veigamesti þáttur þessara mála.

Hlutverk ferðamálaráðs er samkvæmt frumvarpinu að hafa umsjón og eftirlit með öllu, er lýtur að ferðamálum, annast í samráði við ráðuneytin kynningu lands og þjóðar á erlendum vettvangi, gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsmála, hafa eftirlit með móttöku erlendra ferðamanna, með bifreiðaakstri og bifreiðakosti, halda námskeið fyrir túlka, hafa með höndum stjórn og rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins og vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis um öll þessi mál.

Ferðamálaráðið ræður sér framkvæmdastjóra.

Þá er ætlað til með frumvarpinu að afnema þá einokun, sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur nú að lögum um móttöku erlendra ferðamanna. Samkvæmt frumvarpinu verður starfsemi ferðaskrifstofa frjáls, en sækja þarf um leyfi til ráðherra, gera grein fyrir hæfni umsækjanda og kunnáttu, og skal leita umsagnar ferðamálaráðs, áður en leyfi er veitt.

Þá skal stofna ferðamálasjóð, er veiti lán til byggingar gistihúsa og greiði kostnað við landkynningu. Er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi til hans hálfu milljón króna á ári. Enn fremur skal reynt að fá ýmsa aðila, sem hafa hagsmuni af auknum ferðamannastraumi, til að greiða frjáls framlög árlega til sjóðsins. En auk þess á ferðamálaráð að undirbúa fyrir næstu áramót tillögur um aðrar fjáröflunarleiðir.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að koma nýrri skipan á þetta þýðingarmikla mál, sem enn er hér á byrjunar- og bernskustigi, en á eftir að verða stór atvinnuvegur landsmanna og þjóðinni á margan hátt til þrifnaðar og menningarauka.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi fluttu sömu flutningsmenn á síðasta þingi, en það náði þá ekki fram að ganga. Frv. var vísað til samgöngumálanefndar. Leitaði hún álitis Ferðaskrifstofu ríkisins, Orlofs h/f, Ferðamálafélags Reykjavíkur og Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda. Mæltu þeir hinir síðartöldu aðilar eindregið með samþykkt frv., og eru umsagnir þessara aðila prentaðar með þessari greinargerð. Forstöðumaður Ferðaskrifstofu ríkisins taldi sum ákvæði frv. til bóta, en vill viðhalda þeirri einokun, sem nú ríkir í þessum málum.

Flm. þessa frv. eru sannfærðir um, að brýn þörf er breytinga og stórra átaka í ferðamálum og landkynningar. Þeir flytja því mál þetta að nýju í trausti til vaknandi og vaxandi skilnings þings og þjóðar á þessu þýðingarmikla umbótamáli.

## Fylgiskjal I.

FERÐAMÁLAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 25. apríl 1955.

Í bréfi, dags. 6. þ. m., hefur háttvirt samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar Ferðamálafélags Reykjavíkur um frumvarp til laga um landkynningu og ferðamál, þingskjal 449.

Stjórn Ferðamálafélagsins hefur kynnt sér frumvarpið og fagnar því, að fram skuli vera komið á Alþingi frumvarp um þetta efni, með því að hún telur, að eigi megi lengur við svo búið standa, að engin heildarlöggjöf sé til um, hvernig þessum málum skuli skipað hér á landi.

Í þessu frumvarpi virðist stjórn Ferðamálafélagsins að tekið sé fram allt hið helzta, sem máli skiptir um skipan þessara mála, og sér hún því eigi ástæðu til þess að gera tillögur um neinar breytingar á því. Það er einróma álit stjórnar félagsins, að hér á landi séu svo miklir möguleikar til þess að gera móttöku erlendra ferðamanna að sérstakri atvinnugrein, sem jafnframt veitir miklum erlendum gjaldreyri inn í landið, ef rétt er á málum þessum haldið, að lagasetning slík sem þessi sé bæði þörf og nauðsynleg, og telur stjórn Ferðamálafélagsins því, að umrætt frumvarp sé rétt spor í þá átt, að svo megi verða.

Vegna sérstakra anna formanns félagsstjórnarinnar hefur dregið að svara bréfi nefndarinnar fyrr en nú, og beiðist stjórn félagsins afsökunar á þessum drætti.

Virðingarfyllt,

f. h. stjórnar Ferðamálafélags Reykjavíkur,

Agnar Kofoed Hansen

formaður.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

## Fylgiskjal II.

ORLOF h/f

Reykjavík, 15. apríl 1955.

Vér höfum með þökk móttengið bréf yðar, dagsett 6. þ. m., þar sem þér óskið umsagnar vorrar um frumvarp um landkynningu og ferðamál, þingskjal 449.

Vér lýsum ánægju vorri yfir, að frumvarp um þetta mál skuli vera komið fyrir Alþingi, en ástand ferðamála hér hefur verið til vansa.

Eftir lestur frumvarpsins teljum vér það ýtarlegt og gera ferða- og landkynningarmálunum góð skil.

Skipulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hið sama og nú er á þessum málum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Englandi, Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Sviss og Ítalíu, en í öllum þessum löndum og fjölda annarra taka borgararnir þátt í ferðamálunum við hlið hins opinbera og í fullri samvinnu við það. Í öllum hinna framantöldu landa reka hinar opinberu ferðaskrifstofur eingöngu landkynningar- og skipulagsstörf á breiðum grundvelli, en einkafyrirtæki sjá um móttöku ferðamannanna og skipta við þá.

Vér teljum því, að frumvarpið, ef það verður að lögum, muni valda breytingum á ferðamálum hérlendis, sem mjög muni stuðla að því, að hér risi upp nýr og arðbær atvinnuvegur, sem er móttaka og þjónusta við erlenda ferðamenn.

Með virðingu,

Orlof h/f,

Ásbjörn Magnússon.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSAEIGENDA

Reykjavík, 30. apríl 1955.

Sem svar við fyrirspurn yðar, dags. 6. þ. m., viljum við taka fram eftirfarandi: Stjórnin hefur kynnt sér frumvarp um landkynningu og ferðamál á þingskjali, sem fylgdi með fyrirspurn yðar. Stjórn sambandsins fagnar því, að frumvarp þetta skuli fram komið á Alþingi, og mælir eindregið með samþykkt þess, enda brýn nauðsyn, að landkynning og ferðamál komi til umræðu á hæstvirtu Alþingi, þar sem þau mál eru til lítils sóma landi voru og þjóð eins og nú háttar. Í öllum löndum heims, sem á annað borð vilja snúa sínu rétta andliti að umheiminum, eru ferða- og landkynningarmál nú mjög á dagskrá og margt gert til úrbóta, sem meðfylgjandi frumvarp ætlast til að verði að lögum í landinu. Stjórn sambandsins væntir þess, að háttvirt samgöngumálanefnd neðri deildar eigi gæfu til að veita þessu aðkallandi nauðsynjarmáli brautargengi úr háttvirtri neðri deild.

Að lokum vill stjórn sambandsins þakka háttvirtri nefnd fyrirspurnina, en einnig skal afsakað, að vegna strjálra stjórnarfunda nú um sinn hefur ekki gefizt tækifæri til að afgreiða málið fyrr.

Virðingarfyllst,

f. h. Sambands veitinga- og gistihúsaeyenda,  
Lúðvig Hjálmtýsson.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.